

2026



Ársskýrsla Rótarinnar

ÁRSSKÝRSLA 2025-2026
RÓTIN

RÓTIN, FÉLAGASAMTÖK | Túngata 14, 101 Reykjavík

Ársskýrsla Rótarinnar fyrir starfsárið 2025-2026
Kristín I. Pálsdóttir tók saman fyrir ráð Rótarinnar

www.rotin.is

Halldóra R. Guðmundsdóttir tók saman ársskýrslu Konukots

Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Skýrsla ráðs Rótarinnar.....	3
Málsvarastarf og stefnumótun	4
Fræðsla, kynningar og þekkingarmiðlun	4
Innlent og alþjóðlegt samstarf.....	5
Konukot	5
Styrkir og stuðningur.....	6
Starfsáætlun	6
Annáll: fjölmiðlar, viðtöl og opinber umræða	7
Umsagnir, greinargerðir og áskoranir.....	7
Fjölmiðlar og viðtöl	7
Viðauki I: Konukot - Árssamantekt	10

Inngangur

Á starfsárinu 2025-2026 beitti Róttín sér með markvissum hætti fyrir bættri stefnu, þjónustu og réttindum kvenna og kvára. Félagið tók virkan þátt í opinberri stefnumótun, meðal annars í tengslum við áfengis- og vímuvarnastefnu, menntun áfengis- og vímuefnaráðgjafa og umræðu um skaðaminnkun, meðferðarkerfi, fangelsismál og barnavernd.

Róttín átti fundi með ráðuneytum, opinberum stofnunum og samstarfsaðilum um lykilmálefni á sviði heimilisleysis, ofbeldis, vímuefnamála og þjónustu við konur. Félagið skilaði einnig umsögnum, áskorunum og greinargerðum og hélt áfram að láta rödd sína heyrast í opinberri umræðu með greinum, viðtölum og fjölmiðlaumfjöllun.

Þekkingarmiðlun var áfram mikilvægur þáttur í starfi félagsins. Róttín stóð að fræðslu, kynningum og námskeiðum fyrir fagfólk og aðra hópa, bæði á eigin vegum og í samstarfi við innlenda og erlenda aðila. Sérstaklega skipti þar máli þátttaka félagsins í INTERACT-verkefninu, sem hefur styrkt bæði alþjóðlegt samstarf og faglega þróun í málaflokki heimilislausra kvenna.

Árið markaðist einnig af mikilvægum tímamótum í starfsemi Konukots með flutningi í nýtt húsnæði að Ármúla 34. Þessara flutninga hafði lengi verið beðið og hafa haft mjög jákvæð áhrif á starfsemina þar sem skapaðar hafa verið betri aðstæður fyrir gesti og starfsfólk. Um leið hélt Róttín áfram að byggja upp tengsl, þekkingu og samstöðu til að styðja við kerfisbreytingar og réttindabaráttu á sviði sem hefur gengið í gegnum miklar breytingar á undanförunum árum.

Skýrsla ráðs Róttarinnar

Aðalfundur Róttarinnar var haldinn 7. maí 2025 og fóru þar fram hefðbundin aðalfundarstörf. Á fundinum var skýrsla ráðsins lögð fram, reikningar félagsins kynntir og starfsáætlun næsta starfsárs rædd.

Nýkjörið ráð hélt sinn fyrsta fund 21. maí 2025 og skipti þá með sér verkum. Unnur Ágústsdóttir var kjörin formaður, Elísabet Herdísar Brynjarsdóttir varaformaður, Þórlaug Sveinsdóttir gjaldkeri, Margrét Dís Yeoman ritari og Kristín I. Pálsdóttir meðstjórnandi. Margrét Dís sagði sig síðar úr ráði af persónulegum ástæðum. Í vararáð voru kosnar Fríða Rós Valdimarsdóttir og Sigríður Kristín Garðarsdóttir. Skoðunarmenn reikninga voru áfram Auður Anna Magnúsdóttir og Sara Sigurbjörns Öldudóttir. Engar lagabreytingar voru lagðar fram á fundinum.

Elísabet H. Brynjarsdóttir og Margrét Dís Yeoman voru kosnar í framkvæmdaráð Konukots.

Ráð félagsins kom að jafnaði saman á fjögurra til sex vikna fresti og voru haldnir níu ráðsfundir á starfsárinu. Við lok starfsársins voru 564 konur skráðar í félagið og um 3.600 fylgdu Róttinni á Facebook.

Framkvæmdastjóri var í fullu starfi á starfsárinu og fór stór hluti starfsins í verkefni tengd INTERACT-verkefninu. Bókhald og launavinnsla Róttarinnar, þar með talin starfsemi Konukots, er í höndum Orden ehf.

Skrifstofa Róttarinnar er í Kvennaheimilinu Hallveigarstöðum, Túngötu 14, 101 Reykjavík.

Málsvarastarf og stefnumótun

Á starfsárinu 2025–2026 beitti Róttín sér markvisst fyrir bættari stefnu, þjónustu og réttindum kvenna með fjölþættan vanda. Félagið lagði áherslu á að koma reynsluheimi og sjónarmiðum kvenna á framfæri við stjórnvöld, stofnanir og fagfólk og vinna að kerfisbreytingum á sviði heimilisleysis, vímuefnamála, ofbeldis, fangelsismála og meðferðarkerfisins.

Mikilvægur þáttur í þessu starfi var þátttaka í opinberri stefnumótun. Kristín I. Pálsdóttir leiddi starfshóp heilbrigðisráðuneytisins um heildarstefnu í áfengis- og vímuefnum, sem lauk störfum á árinu og skilaði tillögum sínum til ráðherra. Sú vinna var umfangsmikil og laut að forvörnum, meðferð, skaðaminnkun, eftirfylgd, endurhæfingu og lagaumhverfi, með sérstakri áherslu á ólíka stöðu og þarfir mismunandi hópa, tengingu við forvarnastefnu og nýja stefnu og aðgerðaáætlun í skaðaminnkun. Róttín tók jafnframt þátt í samráði um þróun meðferðarkerfisins og lagði þar áherslu á samhæfða, notenda- og mannréttindamiðaða nálgun.

Róttín kom einnig að stefnumótun á sviði menntunar og fagþróunar með þátttöku í fagráði sem vann að því að koma námi áfengis- og vímuefnaráðgjafa á háskólastig. Félagið hefur lengi bent á mikilvægi aukinnar fagmennsku, skýrari hæfniviðmiða og sterkari þekkingargrunns í þjónustu við fólk með vímuefnavanda.

Á árinu beindi félagið sjónum sínum einnig að öðrum kerfislægum álitaefnum. Þar má nefna málefni kvenna í fangelsum, meðferð barna í barnaverndarkerfinu, stöðu skaðaminnkunar á Íslandi og skorti á gagnsæi og upplýsingum um ráðstöfun opinbers fjár í meðferðarkerfinu. Með fundum, erindum, áskorunum, umsögnum og opinberri umræðu hélt Róttín áfram að þrýsta á um þjónustu sem byggir á mannréttindum, fagmennsku og raunverulegum þörfum þeirra sem þjónustuna þurfa að nota.

Fræðsla, kynningar og þekkingarmiðlun

Þekkingarmiðlun var áfram mikilvægur þáttur í starfi Róttarinnar á árinu. Félagið lagði áherslu á að miðla reynslu, þekkingu og sjónarmiðum sínum til fagfólks, samstarfsaðila og almennings með námskeiðum, fyrirlestrum, kynningum og stafrænu fræðsluefni.

Á starfsárinu var áfram boðið upp á áfallanámskeið fyrir konur í samstarfi við Grænuhlíð fjölskyldumiðstöð. Jafnframt var boðið upp á framhaldsnámskeið fyrir konur sem áður höfðu tekið þátt. Námskeiðin eru mikilvægur þáttur í því að þróa stuðning sem tekur mið af reynslu kvenna og þörf fyrir öruggt og áfallamiðað umhverfi.

Róttín hefur einnig gert fræðsluefni um mannréttindamiðaða nálgun í vinnu með heimilisláusum konum aðgengilegt á [vef félagsins](#) og á [YouTube-rás félagsins](#). Þar er fjallað um skaðaminnkun, kynja- og áfallamiðaða þjónustu, þjónandi leiðsögn, berskjöldun og valda-ógnar-merkingar-líkanið. Með því leggur félagið sitt af mörkum til aukinnar fagþekkingar og aðgengilegrar fræðslu um málaflokk sem lengi hefur búið við skort á sérhæfðri þekkingu.

Á vegum INTERACT-verkefnisins stóð Róttín einnig að námskeiði fyrir fagfólk sem kemur að málum heimilisláusra kvenna. Námskeiðið var haldið tvisvar og sóttu það um 30 þátttakendur. Þar var m.a. fjallað um stuðning við heimilisláusar konur, kynjamiðaða og inngildandi nálgun, skaðaminnkun, áfallamiðaða þjónustu og mikilvægi samstarfs og sameiginlegs tungumáls milli þjónustuaðila.

Félagið stóð jafnframt að [fyrirlestri dr. Julie Schamp um áfallamiðaða nálgun í þjónustu við konur](#), í samstarfi við innlenda fag- og háskólasamfélagið. Auk þess kynnti Rótin starfsemi sína og sjónarmið fyrir fjölbreyttum hópum, meðal annars lögreglunemum, húsnæðishópi Öryrkjabandalags Íslands og í félögum á borð við Soroptimista og Oddfellow. Með þessari miðlun stuðlar Rótin að auknum skilningi á stöðu kvenna sem búa við heimilisleysi, ofbeldi og vímuefnavanda og styrkir umræðu um mannúðlega og skaðaminnkandi nálgun.

Innlent og alþjóðlegt samstarf

Rótin hélt áfram að byggja upp innlent og alþjóðlegt tengslanet á starfsárinu og styrkja þannig bæði þekkingargrunn félagsins og stöðu þess í stefnumótun og málsvarastarfi. Slíkt samstarf skiptir miklu máli á sviði þar sem þekking, þróun starfshátta og kerfisleg nálgun eru að byrja að byggjast upp.

Félagið er aðili að Kvenréttindafélagi Íslands og tók þátt í Kvennaári 2025, sem hafði það markmið að halda áfram þeirri breiðu samstöðu sem skapaðist í tengslum við Kvennaverfallið 2023. Rótin tók jafnframt þátt í 16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi og lagði til greinaskrif og þátttöku í Ljósagöngunni.

Á alþjóðlegum vettvangi hélt Rótin áfram þátttöku í FEANTSA, evrópskum samtökum félagasamtaka sem vinna gegn heimilisleysi. Kristín I. Pálsdóttir situr í framkvæmdastjórn samtakanna fyrir Íslands og tók þátt í stjórnarfundum og árlegri ráðstefnu samtakanna. Rótin tekur einnig þátt í FEANTSA Women sem er starfsemissamfélag um heimilislausar konur, auk rannsókn- og námsferða (e. Study Visits) á vegum EPOCH practice. Allt styður þetta við þekkingarsköpun og miðlun góðra starfshátta í baráttunni gegn heimilisleysi.

Kristín tekur einnig þátt í European Group on Drugs and Gender, sem starfar undir hatti European Union Drug Agency (EUDA) og Rótin á aðild að Correlation - European Harm Reduction Network og Evrópska tengslanetinu um neyslurými. Þessi tengsl styrkja getu félagsins til að fylgjast með þróun mála í Evrópu og koma alþjóðlegri þekkingu inn í íslenska umræðu og stefnumótun.

Mikilvægasti samstarfsvettvangur Rótarinnar á árinu var þó INTERACT-verkefnið, sem er þriggja ára Evrópuverkefni sem styrkt er af félagsmálasjóði Evrópu og um kynjasambætta nálgun í málefnum heimilislausra kvenna. Rótin og RIKK eru íslensku þátttakendurnir í verkefninu og hafa meðal annars unnið að landskýrslu, þjálfun, innleiðingarlíkani og handbók. Verkefnið hefur þegar styrkt faglega þróun, samstarf og stefnumótandi hugsun á sviði sem hefur lengi skort sérhæfð úrræði og skýra sýn.

Konukot

Konukot er stærsta verkefni Rótarinnar og gegnir lykilhlutverki í þjónustu við heimilislausar konur. Á starfsárinu urðu mikilvæg tímamót í starfseminni þegar Konukot flutti í nýtt húsnæði að Ármúla 34 í janúar 2026. Flutningurinn bætti aðstæður fyrir bæði gesti og starfsfólk og skapaði betri umgjörð um þjónustuna. Nánari upplýsingar um starfsemi Konukots, þróun hennar og tölulegar upplýsingar er að finna í viðauka með ársskýrslu þessari.

Styrkir og stuðningur

Starfsemi Rótarinnar fær styrki frá ríkinu, verkefnastyrki og stuðningi velunnara. Á starfsárinu fékk félagið rekstrarstyrk frá heilbrigðisráðuneytinu að fjárhæð fimm milljónir króna, sem var einni milljón lægri en árið áður og styrk frá Lýðheilsusjóði til áfallanámskeiðs fyrir konur sem haldið er í samstarfi við Grænuhlíð.

Þá er styrkur Félagsmálasjóðs Evrópu mikilvægur fyrir starfsemi félagsins fyrir félagsins og verkefni þess fram í september árið 2027 og gefur tækifæri til að koma þekkingu Rótarinnar varðandi kynjasambættingu í þjónustu við konur í framkvæmd.

Auk opinberra styrkja naut félagið áfram stuðnings frá félagasamtökum, fyrirtækjum og einstaklingum sem með fjárframlögum, gjöfum og annarri aðstoð veita ómetanlegan stuðning til félagsins og verkenda tengdum Konukoti. Sá stuðningur hefur verið afar mikilvægur, ekki síst í tengslum við koma starfsemi Konukots vel fyrir í Ármúla og þróun verkefna sem styðja við heimilislausar konur, réttindabaráttu og þekkingarstarf.

Starfsáætlun

Á næsta starfsári mun Rótin halda áfram að beita sér fyrir bættri stefnu, skýrari gæðaviðmiðum og mannréttindamiðaðri þjónustu við konur með fjölþættan vanda. Félagið mun fylgja eftir þeirri stefnumótunarvinnu sem þegar hefur farið fram, meðal annars á sviði áfengis- og vímuvarna, skaðaminnkunar og þjónustu við heimilislaust fólk, og áfram kalla eftir aðgerðum sem byggja á þekkingu, samhæfingu og virðingu fyrir réttindum notenda.

INTERACT-verkefnið mun áfram setja mark sitt á starf félagsins á komandi ári, bæði með frekari innleiðingu, þjálfun og mótun tillagna til stefnumótunar. Jafnframt verður áfram unnið að fræðslu, miðlun og samstarfi við innlenda og erlenda aðila, með það að markmiði að styrkja umræðu, faglegt umhverfi og þjónustu við þann hóp sem Rótin berst fyrir.

Félagið mun einnig halda áfram að þróa verkefni sín, styðja við starfsemi Konukots og veita stjórnvöldum og stofnunum aðhald í málaflökkum þar sem lengi hefur skort samstarf, gæði og skýra ábyrgð. Áhersla Rótarinnar verður áfram á baráttu fyrir réttlátara og mannúðlegra samfélagi, kerfisbreytingar.

Námskeiðshald félagsins mun halda áfram að þróast á starfsárinu og glænýtt kanadískt námskeiðsefni frá Center of Excellence for Women's Health er á radarnum. Einnig þarf að huga að næstu ráðstefnu og vinnustofum með áhugaverðu efni.

Að loknum sveitarstjórnarkosningum vorið 2026 bíður einnig það verkefni að semja um áframhaldandi rekstur Konukots við Reykjavíkurborg. Á komandi starfsári er því tækifæri fyrir félagið að endurskoða rekstrarform neyðarskýlisins til að tryggja stöðugleika og áreiðanleika í rekstrinum. Ráðinu er falið að finna bestu lausnir til þess.

Annáll: fjölmiðlar, viðtöl og opinber umræða

Umsagnir, greinargerðir og áskoranir

Rödd Rótarinnar hefur heyrst víða á árinu. Félagið lét rödd sína heyrast og tók þátt í umræðum, stóð fyrir erindum og fræðslufundum á starfsárinu og má þar nefna:

- Landsskýrsla INTERACT á íslensku. [Intersectional Approach to Combating Homelessness for Women](#). 2. júní 2025.
- [Umsögn við framkvæmdaáætlun í kynjajafnréttismálum](#) fyrir árin 2026–2029, 90. mál, þingsályktunartillaga 157. löggjafarþing 2025–2026. 8. okt. 2025.
- [Fréttatilkynning – INTERACT. Landsskýrsla](#) verkefnisins varpar ljósi á helstu gloppur og tækifæri í málaflokki heimilislausra kvenna. 28. okt. 2025.
- [Umsögn um tillögu til þingsályktunar um viðhlítandi þjónustu vegna vímuefnavanda](#). 10. nóv. 2025.
- [„Enginn öruggur staður á netinu.“](#) Grein til stuðnings 16 daga átaks gegn kynbundnu ofbeldi fyrir hönd Rótarinnar eftir Unni Ágústsdóttur og Halldóru R. Guðmundsdóttur á Vísi. 10. des. 2025.
- [Krafa um óháða rannsókn vegna ofbeldis í barnaverndarkerfinu](#). Krafa til forsætisráðuneytis í kjölfar umfjöllunar Kveiks um ofbeldi gegn börnum. 6. feb. 2026.
- [Áskoran um niðurfellingu komugjalda og bætt líkamlegt aðgengi að viðhaldsmeðferð við ópíóíðafíkn](#). Áskoran til heilbrigðisráðherra. 20. feb. 2026.
- Greinargerð með tillögu um að koma á fót [gagnagátt fyrir félags- og heilbrigðisúrræði á Íslandi](#) til dóms-, heilbrigðis-, félags- og húsnæðismálaráðuneytis. Greinargerðin var unnin í tengslum við EXIT-verkefnið. 11. apríl 2026.
- [Kæra til úrskurðarnefndar um upplýsingamál](#) vegna ákvörðunar Sjúkratrygginga Íslands um að afmá upplýsingar úr samningi við SÁÁ. 19. apríl 2026.
- [„Svartir blettir á upplýsingarétti almennings.“](#) Grein á Vísi um kæru Rótarinnar til úrskurðarnefndar um upplýsingamál vegna yfirstrikana í samningi Sjúkratrygginga og SÁÁ. 20. apríl 2026.

Fjölmiðlar og viðtöl

Félagið leitast við að vekja athygli á málstað sínum í fjölmiðlum og á árinu birtust eftirfarandi viðtöl og fréttir. Ekki er um tæmandi lista að ræða.

- [„Missa fatamarkaðinn með flutningi Konukots úr Ármúla.“](#) Viðtal við Sóleyju Kristínu Guðbjartsdóttur, starfsmann Kotsins og Konukots á Vísi. 31. maí 2025.
- [„Þetta eru ekki góðar móttökur.“](#) Viðtal við talskonu Rótarinnar um kæru Sameindar í fréttum á Vísi. 11. sept. 2025.
- [„Segja það geta verið lífshættulegt að hafa Konukot í Ármúla 34“](#). Frétt í DV.is. 11. sept. 2025.

- [„Hvar eiga heimilislausar konur í neyslu að vera?“](#) Viðtal við talskonu Rótarinnar á Bylgjunni síðdegis. 15. sept. 2025.
- Viðtal við Halldóru um [Konukot](#) á Samstöðinni. 16. sept. 2025.
- [„Málefni Konukots.“](#) Viðtal við Halldóru R. Guðmundsdóttur, forstöðukonu Konukots, og Bjarteyju Ingibergsdóttur, hjúkrunarfræðing á göngudeild smitsjúkdóma á Landspítala um heimilislausar konur í Mannlega þættinum á RÚV. 17. sept. 2025.
- [„Einhvers staðar þarf þessi starfsemi að vera.“](#) Viðtal við Kristínu I Pálsdóttur um flutning Konukots á RÚV. 23. sept. 2025.
- [„Deilan um Konukot.“](#) Viðtal við talskonu Rótarinnar og Rannveigu Einarsdóttur hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar í Þetta helst á RÚV. 25. sept. 2025.
- [„Kæru Sameindar hafnað – Konukot fær að rísa í Ármúla.“](#) Frétt á DV.is. 3. okt. 2025.
- [„Kæru vegna Konukots hafnað.“](#) Úrskurðarnefnd auðlindamála hafnar kæru Sameindar. Frétt á RÚV. 3. okt. 2025.
- [„Félagsmálasjóður Evrópu styrkir starf fulltrúa Íslands, Rótina og RIKK, í INTERACT-verkefninu, um 160.000.000.“](#) Viðtal við Kristínu I Pálsdóttur á Mbl.is. 16. okt. 2025
- [„Áfengis- og vímuefnaráðgjöf upp á háskólastig.“](#) Viðtal við Kristínu I Pálsdóttur í Dagmálum á Mbl.is. 21. okt. 2025.
- [INTERACT-verkefnið um heimilislausar konur og nýttkomin landsskýrsla verkefnisins.](#) Í Samfélaginu á RÚV. Viðtal við talskonu Rótarinnar, Kristínu I Pálsdóttur og Kristínu Hjálmarsdóttir frá RIKK. 6. nóv. 2025.
- [„Ríki misskilningur um hegðun heimilislausra.“](#) Viðtal í fréttum Sýnar og á Vísi. 25. nóv. 2026.
- [„Nýtt Konukot er tilbúið.“](#) Viðtal við talskonu Rótarinnar á RÚV. 6. des. 2025.
- [„Vonast til að opna nýtt Konukot sem fyrst.“](#) Viðtal við framkvæmdastjóra Rótarinnar, Kristínu I Pálsdóttur á Vísi. 6. des. 2025.
- [Tímamót og bylting í nýju Konukoti.](#) Viðtal við Soffíu Hjördísi Ólafsdóttur, deildarstjóra málaflokks heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfi hjá Reykjavíkurborg á Vísi. 5. des. 2025.
- [„Óljóst hvenær tekið verður á móti konum í Ármúla.“](#) Viðtal við talskonu Rótarinnar á Mbl.is. 5. des. 2025.
- [„Konukot flytur í Ármúla.“](#) Viðtal við Kristínu I Pálsdóttur, formann stjórnar Konukots, í Samfélaginu á RÚV. 9. jan. 2026.
- Viðtal um niðurstöður [starfshóps um stefnu í áfengis- og vímuvarnarmálum til 2035](#) í Samfélaginu á Rás 1. Rætt við Kristínu I Pálsdóttur, formann starfshópsins. 23. jan. 2026.
- [„Krefjast rannsóknar á barnaverndarkerfinu.“](#) Rótin skorar á forsætisráðuneytið í kjölfar uppljóstrana um ofbeldi gegn börnum í Bakkakoti. Frétt á Mbl.is. 6. feb. 2026.

- [„Við verðum að horfast í augu við þessa fortíð.“](#) Viðtal á Vísi við Kristínu I Pálsdóttur um viðbrögð við fréttum af ofbeldi gegn börnum sem vistuð voru í Bakkakoti. 7. feb. 2026.
- [„Vilja að komugjöld í viðhaldsmeðferð verði felld niður.“](#) Frétt um áskorun Rótarinnar á mbl.is. 20. feb. 2026.
- [„Dæmi um að fólk með óþjóðafíkn hætti meðferð vegna komugjalda.“](#) Viðtal á RÚV við talskonu Rótarinnar um áskorun til stjórnvalda um að leita notendavænni lausna. 21. feb. 2026.
- Viðtal við Kristínu I. Pálsdóttur í þættinum [Sögur úr raunveruleikanum, á Rás 1](#) um meðferðarkerfið hér á landi, vímuefnastefnu og framtíð vímuefnamála á Íslandi. 21. apr. 2026.
- [„Rótin krefst upplýsinga úr samningi við SÁÁ.“](#) Frétt byggð á viðtali við talskonu Rótarinnar á RÚV. 27. apr. 2026.
- [„Rótin kærir.“](#) Viðtal við talskonu Rótarinnar um kæru til úrskurðarnefndar um upplýsingamál vegna yfirstrikana í samningi Sjúkratrygginga og SÁÁ, á Samstöðinni. 28. apr. 2026



Viðauki I: Konukot - Árssamantekt

F.h. Róttarinnar, félagasamtök
Halldóra R. Guðmundsdóttir, forstjóðukona

Yfirlit yfir töflur

Tafla 1 - Gistinætur 2025 - Mánuðir	12
Tafla 2 - Gistinætur - mánuðir (milli ára).....	13
Tafla 3 - Aldur gesta. Þróun milli ára 2025.....	13
Tafla 4 - Fjöldi gesta eftir þjónustumiðstöðvum RVK 2025.....	14
Tafla 5 - Sveitarfélög utan Reykjavíkur. Gestir og nýting 2025.....	14
Tafla 6 - Ríkisfang 2025	15
Tafla 7 - Nýir gestir - fjöldi gistinátta 2025	15
Tafla 8 - Útköll viðbragðsaðila	16

Skýrsla þessi er unnin á grundvelli kafla 1.2.4 um upplýsingaskyldu í kröfúlýsingu þjónustu og rekstrar um neyðarskýli fyrir húsnæðislausar konur í Reykjavík, Konukot. Um er að ræða árssamantekt sem faglegur stjórnandi sendir til framkvæmdastjóra þjónustumiðstöðvar fyrir lok febrúar ár hvert.


Samkvæmt verklagi sendir framkvæmdarstjóri skýrsluna til skrifstofustjóra skrifstofu ráðgjafar á skrifstofu velferðarsviðs til varðveislu.

Ársyfirlit

Alls nýttu 73 gestir athvarfið árið 2025. Gistinætur voru 3013 talsins. Voru því að meðaltali 8,3 gestir í húsi á hverri nóttu. Nýting þeirra var mismikil en allt frá 1 nótt upp í 329 nætur.


Nánari upplýsingar um nýtingu hvernar konu er að finna í lykiltöluskjali úr gagnagrunni (skyli.reykjavik.is) sem sent var á velferðarsvið.

Upplýsingar um mánaðarlega nýtingu úrræðisins



Tafla 1 - Gistinætur 2025 - Mánuðir


Nýting var mest í ágúst og minnst í febrúar.



Tafla 2 - Gistinætur - mánuðir (milli ára)

Samanburður nýtingar milli ára sýnir að sveiflur milli mánaða eru ekki eins miklar og fyrri ár en nýting minnkar í lok árs og eykst jafnt og þétt þegar líður á árið. Nýting nær svo hámarki í ágúst og september og fellur svo töluvert í nóvember mánuði.


Upplýsingar um aldursskiptingu notenda




Tafla 3 - Aldur gesta. Þróun milli ára 2025

Notendur voru á aldrinum 18 ára til 73 ára árið 2025. Flestir gestir eru á aldrinum 36-40 ára sem er í samræmi við tölur fyrri ára. Fjöldi gesta á aldrinum 18-25 ára heldur áfram að vera áhyggjuefni.

Upplýsingar um lögheimili notenda




Tafla 4 - Fjöldi gesta eftir þjónustumiðstöðvum RVK 2025



Tafla 5 - Sveitafélög utan Reykjavíkur. Gestir og nýting 2025

Vesturmiðstöð þjónustar flesta gesti Konukots eins og fyrri ár og Norðurmiðstöð fæsta.


Fjöldi gesta frá öðrum sveitafélögum voru 26 talsins sem er sami fjöldi og árið 2024. Gestir annarra sveitafélaga nýttu samanlagt 803 nætur sem er töluverð aukning á gistinóttum frá 2024 sem voru 279 þrátt fyrir að fjöldi gesta annarra sveitafélagi sé sá sami.



Tafla 6 - Ríkisfang 2025

Fjöldi gesta með erlent ríkisfang voru 12 með samtals 706 gistinætur. Erlendir gestir voru flestir frá Póllandi (7).

Fjöldi nýrra notenda á árinu




Tafla 7 - Nýir gestir - fjöldi gistinguátta 2025

Nýir notendur voru 26 árið 2024 og nýting samtals 519 nætur. Nýting var frá 1 nótt upp í 193 nætur. Þetta er fækkun á nýjum notendum frá 2024 og fækkun á gistinguátum. Árið 2024 voru nýir notendur 29 talsins og gistinguátur 645.

Upplýsingar um hvort, hversu oft og hvers vegna kallað hafi verið eftir aðstoð lögreglu, heilbrigðisstarfsfólks eða annarra.

Útköll viðbragðsaðila



Tafla 8 - Útköll viðbragðsaðila

Árið 2025 var kallað eftir aðstoð viðbragðsaðila í 178 skipti. Útköll lögreglu voru 90 talsins og útköll sjúkrabíla 80. Þetta er fækkun frá árinu 2024 þar sem útköllin voru 219 í heildina. Flest útköll voru í janúar, október og nóvember en fæst voru í febrúar. Mikil sveifla er á milli mánaða.

- Gestir hringdu sjálfir 13 sinnum eftir aðstoð viðbragðsaðila.
- Kallað var eftir aðstoð viðbragðsaðila í 8 skipti vegna karlmannna í nærumhverfi hússins, ýmist vegna ógnandi hegðunar, ofbeldis eða líkamlegra veikinda.
- Flest lögregluútköll voru vegna ógnandi hegðunar gesta og þjófnaðar í húsi.
- Flest útköll sjúkrabíla voru vegna líkamlegra veikinda.
- Héraðslæknir var kallaður til í tvö skipti, í annað skiptið var það út af andlegum veikindum íbúa í öðru smáhúsinu og í seinna skiptið var það vegna andlegra veikinda gests í Konukoti.

Fjöldi notenda sem vísað er frá tímabundið og ástæður þess skipt niður eftir tímabilum

Eins og fyrri ár er áhersla lögð á að lágmarka refsihyggju með því að fullreyna allar leiðir áður en gestum er vísað frá. Reynt er að nota tímabundna frávísun þar sem gestur er beðinn um að yfirgefa húsið á meðan aðstæður róast. Tímabundin frávísun tekur yfirleitt mjög stuttan tíma, frá mínútum upp í nokkrar klukkustundir.

Tímabundin frávísun hefur reynst gestum og starfsfólki vel þar sem hún styðst við mannúðlega nálgun þar sem traust milli starfsmanna og gesta er grundvallaratriði þegar kemur að góðu samstarfi. Lögð er áhersla á að gestir upplifi viðbrögð við alvarlegum atvikum sem aðferð til að tryggja öryggi allra en ekki sem refsingu við hegðun sem oftast en ekki

orsakast af áfallaviðbrögðum og erfiðum aðstæðum sökum umhverfisþátta eins og húsnæðis, aðstæðna og áreitis sem fylgir dvöl í neyðarskýli.

Með þessari aðferð er ábyrgðin sett á einstaklinginn sjálfan að meta eigið ástand og taka þann tíma sem þarf til að ná jafnvægi. Gestir koma rólegri í hús að eigin frumkvæði og það myndast minni gremja í garð starfsfólks og annara gesta. Þegar lengri frávísun er beitt er það yfirleitt í samráði við lögreglu þegar allt annað er fullreynt og þykir augljóst að aðstæður munu ekki róast.

Einn gestur fór í sólarhringsbann vegna ofbeldis gegn starfsmanni til að tryggja öryggi annarra gesta og starfsmanna þegar vægari aðgerðir voru fullreindar.

Fjöldi athugasemda, kvartana og atvika á árinu skv. kafla 1.2.3.4

Alvarleg atvik voru nokkur á árinu 2025. Einn gestur fór í sólarhringsbann fyrir ofbeldi gegn starfsmanni, gestur datt niður stiga í Konukoti og slasaðist illa á fæti, nokkur alvarleg ofbeldisatvik voru á milli gesta þar sem gestir hlutu áverka.

Atvik þar sem starfsmenn urðu fyrir ofbeldi voru 4 talsins. Bolla var kastað í starfskonu með þeim afleiðingum að tönn brotnaði, skál var kastað og starfsmaður fékk höfuðhögg, starfsmaður var bitinn í einu atviki og marðist á hönd í öðru.

Ítarlegar upplýsingar um starfsmannaveltu þar sem meðal annars kemur fram kyn, ástæður starfsloka og annað sem máli kann að skipta

Starfsmannavelta var meiri árið 2025 en 2024. Fimm starfskonur létu af störfum og 6 nýjar starfskonur hófu störf á árinu fyrir utan sumarafleysingar. Tvær starfskonur af þeim fimm sem létu af störfum færðu sig í önnur störf innan málaflokksins.

Aðrar þær upplýsingar sem talist geta mikilvægar er snúa að rekstri og þjónustu við notendur á vegum þjónustukaupa

Undirbúningur fyrir flutning starfseminnar einkenndi árið 2025. Áætlaður flutningur var um vorið en hann dróst til byrjunar árs 2026. Formleg opnun var 5. desember en fyrsta gistinótt gesta var 8.janúar 2026.

Smáhúsum fyrir utan Konukot var úthlutað til karlmanna í lok árs þar sem ekki er talið að smáhús henti konum miðað við reynslu. Aðalástæðan er skortur á öryggi og þjónustu sem sýnir berskjöldun kvenna sem tilheyra málaflökknum og þörf á sértækari þjónustu við konur til að tryggja öryggi og viðeigandi stuðning.

Haustið 2023 voru teknir upp matsfundir vikulega vegna frekari skilgreiningar á markhópi málaflokksins þar sem farið var yfir kennitölulausa einstaklinga sem leituðu í Konukot, flóttamenn, útlendinga í sérstökum aðstæðum og annarra sem ekki falla undir markhóp. Meiri ábyrgð var sett á heilbrigðis- og félagsþjónustu að veita viðeigandi þjónustu. Þetta hefur gengið vel og gestir sem ekki falla undir málaflökkinn fá hraðari afgreiðslu í sínum málum og staldra skemur við sem sýnir sig á samanburði á nýtingu fyrri ára.

Skilgreining á markhópi er mikilvægur þáttur í að geta veitt gestum Konukots viðeigandi og mannsæmandi þjónustu. Það einkenndi einnig árið að í Konukot voru sendar konur sem glímdu við mikil líkamleg veikindi og hefðu átt að vera á hjúkrunarheimili vegna aldurs og heilsu. Starfsemi Konukots er ekki til þess fallin að þjónusta konur í þeirri stöðu og auðséð

að þær væru inni á hjúkrunarheimili ef ekki væri fyrir vímuefnavanda þeirra. Þetta sýnir enn og aftur mikilvægi þess að bjóða upp á þjónustu sem útilokar ekki konur með vímuefnavanda eða flóknar þjónustubarfir. Útilokun á þjónustu brýtur á mannréttindum og grundvallarréttindum allra til heilbrigðisþjónustu. Markhópsgreining er til þess fallin að Konukot verði ekki að geymslustað fyrir einstaklingsmál sem önnur viðeigandi úrræði treysta sér ekki til að þjónusta.

Sá gestur sem var með langflestar gistinætur 2025 var sá sami og árin á undan. Sá gestur er ekki metinn falla undir markhóp en sökum úrræðaleysis hefur sú kona dvalið meira og minna allar nætur í Konukoti þegar frá er talin nauðungarvistun á geðdeild.

Tímabundið búsetuúrræði var opnað í sama húsnæði og Konukot, Ármúla 34, sem er jákvæð þróun í þjónustu við konur sem glíma við heimilisleysi.

Gistinóttum og gestum fækkaði árið 2025 frá árinu áður. Ástæðan er óljós en við teljum að þetta megi rekja til þrengri skilgreiningar á markhóps og aukinnar ábyrgðar í félagsþjónustu. Einnig fengu hlutfallslega fleiri konur en karlar úthlutað húsnæði árið 2025 vegna viðkvæmrar stöðu. Nokkar konur komu aftur í Konukot eftir að hafa fengið úthlutað félagslegu úrræði og misst það.

Þróun á átaki í mannúðlegri nálgun í starfi hefur gengið vel þar sem áhersla er lögð á áfallamiðaða nálgun og þjónandi leiðsögn. Með samstarfi og virðingu í þjónustu hefur skapast traust milli gesta og starfsfólks sem sýnir sig í samstöðu og meira öryggi þar sem gestir og starfsfólk standa saman í erfiðum uppákomum.

Hjúkrunarfræðingur hóf störf í apríl 2025 með viðveru eitt kvöld í viku. Markmiðið er að sinna lágþröskulda heilbrigðisþjónustu, meta þjónustubörf og veita andlegan stuðning. Unnið er að því að bæta og útvíkka heilbrigðisþjónustuna í Konukoti og auka viðveru hjúkrunarfræðings í framhaldi.

Samstarf við lögreglu og aðra viðbragðsþjónustu var gott á árinu og er mikill vilji til að halda þeirri vinnu áfram. Bæta þarf samstarf á milli sveitafélaga til að tryggja jafnt aðgengi einstaklinga að neyðarþjónustu og samræma mat á markhópi og þjónustubörf. Aukið samstarf og þverfagleg þjónusta er það sem skiptir hvað mestu máli í úrvinnslu mála og mun sú vinna halda áfram á komandi árum.

Framkvæmdastýra Rótarinnar og forstöðukona fara sameiginlega yfir samantektina og kvitta undir hana að lokinni þeirri yfirferð. Framkvæmdastjóri sendir samantektina undirritaða til skrifstofustjóra ráðgjafarþjónustu á skrifstofu velferðarsviðs til varðveislu í skjalakerfi.

Halldóra R. Guðmundsdóttir

Forstöðukona Konukots